

Haustráðstefna RKB í Hringsal 22. nóv 2023

Ávarp við setningu, Þóra Steingrímsdóttir, formaður stjórnar stofunnar

Sælir ágætu ráðstefnugestir, og þið öll sem leggið til dagskrárinnar í dag.

Verið velkomin á þessa fyrstu ráðstefnu sem haldin er undir merkjum Rannsóknarstofu í fæðinga- kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum. Langt nafn, leyfum okkur að skammstafa það á svolítið óíslenskan máta, RKB sem stendur þá fyrir Rannsóknarstofa kvenna- og barnasviðs.

Þetta er langt í frá fyrsti vísindafundur á kvenna og barna en þetta er fyrsti slíki fundur sem Rannsóknarstofan stendur fyrir. Hún var stofnuð vorið 2021 og er sameiginlegt organ Landspítala og Háskóla Íslands. Stofan er ekki beinlínis neitt glænýtt afl, heldur er hún stofnsett til að hýsa og vera umgjörð um þá vísindastarfsemi sem fram fer á sviðinu. Hér á að efla og auka þverfaglega samvinnu í vísindum og gera rannsóknarstarfið sýnilegt og aðgengilegt og styðjandi við klínískt starf.

Stofnun stofunnar má rekja til ákvarðana á stjórnendafundum kvenna- og barnasviðs. Þáverandi framkvæmdastjóri eða forstöðumaður sviðsins, Linda Kristmundsdóttir, tók af skarið þegar við akademískir starfsmenn bentum ítrekað á að lyfta þyrfti vísindum og fræðastörfum fram, og hún skipaði tvo vaska akademikera í að undirbúa regluverkið og formlega stofnskrá, þær Hildi Harðardóttur og Önnu Ólafíu Sigurðardóttur. Þær skiluðu því verki með sóma.

Og þegar þetta var í burðarliðnum átti kvennadeildin sjötugsafmæli og fékk rausnarlega (vægast sagt rausnarlega) afmælisgjöf, peningagjöf frá Minningagjafasjóði Landspítala Íslands (MGLÍ) sem varð stofnfé í sjóð stofunnar og nú í dag er í fyrsta sinn veitt úr þeim sjóði, styrkir til sex vísindamanna með hópa á bakvið sig. Sjóðurinn hefur fengið fleiri framlög og gjafir, Velferðarsjóður barna gaf veglega upphæð í upphafi, Rannsóknarsjóður BUGL var lagður niður og fénu veitt í þennan sjóð og prófessor emeritus Reynir Tómas Geirsson flutti við starfslok rannsóknafé sitt í sjóðinn og megi það verða fordæmi okkur hinum, sem bráðum hættum.

Öllu þessu fólki, nefndu og ónefndu, ber að þakka. Ég vil líka þakka fjarstöddum forstjóra fyrir að setja spítalanum vísindastefnu og fylgja henni eftir, sem ég vænti að embættið geri af einurð og festu. Við bíðum spennt eftir að kunngerðar verði skipulagsbreytingar á öllu sjúkrahúskerfinu og erum vongóð um stuðning við vísindastörfin með ráðum og dáð og fjármagni.

Það sem brýnast er núna er að auka tekjur rannsóknarsjóðsins en einnig að fá rekstrarfé, t.d. í formi stöðugildis fyrir akademískan starfsmann sem annaðist heimasíðuna og væri tengiliður í netinu.

Ég enda á því að sýna ykkur heimasíðuna: Ef þið gúglið ... þá finnið þið þetta á ytri vef spítalans: ...

Þá göngum við til dagskrár, og ég fel Helgu Gottfreðsdóttur hlutverk fundarstjóra í dag.